

GJALDSKRÁ

fyrir hreinsun og losun rotþróa í Svalbarðsstrandarhreppi.

1. gr.

Fyrir hreinsun og losun rotþróa í Svalbarðsstrandarhreppi skal húseigandi greiða árlegt þjónustugjald, rotþróargjald, sbr. 4. gr. samþykktar nr. 671/2003, um hreinsun og losun rotþróa á starfssvæði heilbrigðisnefndar á Norðurlandi eystra að undanskildum Húsavíkurbæ.

2. gr.

Rotþróargjald fyrir árið 2005 skal vera kr. 6.500 fyrir þrær undir 3.000 l að rúmmáli, kr. 9.000 fyrir 3.000 l til 6.000 l þrær, kr. 11.500 fyrir 6.000 l til 9.000 l þrær, kr. 18.500 fyrir 9.000 l til 20.000 l þrær, kr. 33.500 fyrir 20.000 l þrær eða stærri. Gjaldið miðast við að hreinsun og tæming rotþróa sé á þriggja ára fresti. Gjaldið tekur breytingum skv. byggingarvísitölu. Gjaldið miðast við vísitölu desembermánaðar árið á undan. Byggingarvísitala í desember 2004 er 304,8 stig. Þar sem fleiri en einn aðili tengist rotþró er gjaldinu skipt á milli aðila.

3. gr.

Gjaldskrá þessi, sem samþykkt var af sveitarstjórn Svalbarðsstrandarhrepps 21. desember 2004, sbr. heimild í 25. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

Svalbarðsstrandarhreppi, 17. febrúar 2005.

Árni K. Bjarnason sveitarstjóri.

REGLUGERÐ

um gildistöku EES-gerða um umsjón og eftirlit með flutningi úrgangs innan, til og frá Evrópubandalaginu.

1. gr.

Með vísan til meginmáls EES-samningsins, XX. viðauka, ásamt viðbótum, breytingum og bókunum, auk annarra ákvæða hans, er hér með auglýst gildistaka eftirtalinna reglugerða og ákvarðana:

1. Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 259/93 frá 1. febrúar 1993 um umsjón og eftirlit með flutningi úrgangs innan, til og út úr Evrópubandalaginu, sem birt er í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi EB, sérstök útgáfa: Bók 6, bls. 170–197.
2. Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 94/721/EB frá 21. október 1994 um breytingar samkvæmt 3. mgr. 42. gr. á II., III. og IV. viðauka við reglugerð ráðsins (EBE) nr. 259/93 um umsjón og eftirlit með flutningi úrgangs innan, til og út úr Evrópubandalaginu, sem birt er í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi EB nr. 5, 5. febrúar 1998, bls. 184–194.
3. Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 96/660/EB frá 14. nóvember 1996 um breytingar samkvæmt 3. mgr. 42. gr. á II. viðauka við reglugerð ráðsins (EBE) nr. 259/93 um umsjón og eftirlit með flutningi úrgangs innan, til og út úr Evrópubandalaginu, sem birt er í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi EB nr. 5, 5. febrúar 1998, bls. 195–201.

4. Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 98/368/EB frá 18. maí 1998 um aðlögun, skv. 3. mgr. 42. gr., á II. og III. viðauka við reglugerð ráðsins (EBE) nr. 259/93 um umsjón og eftirlit með flutningi úrgangs innan, til og út úr Evrópubandalaginu, sem birt er í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi EB nr. 63, 19. desember 2002, bls. 287-296.
5. Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2408/98 frá 6. nóvember 1998 um breytingu á V. viðauka við reglugerð ráðsins (EBE) nr. 259/93 um umsjón og eftirlit með flutningi úrgangs innan, til og út úr Evrópubandalaginu, sem birt er í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi EB nr. 63, 19. desember 2002, bls. 329-330.
6. Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 1999/816/EB frá 24. nóvember 1999 um aðlögun, skv. 1. mgr. 16. gr. og 3. mgr. 42. gr., á II., III., IV. og V. viðauka við reglugerð ráðsins (EBE) nr. 259/93 um umsjón og eftirlit með flutningi úrgangs innan, til og út úr Evrópubandalaginu, sem birt er í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi EB nr. 63, 19. desember 2002, bls. 297-328.
7. Reglugerð ráðsins (EB) nr. 120/97 frá 20. janúar 1997 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 259/93 um umsjón og eftirlit með flutningi úrgangs innan, til og út úr Evrópubandalaginu, sem birt er í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi EB nr. 6, 30. janúar 2003, bls. 223-224.
8. Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 1999/412/EB frá 3. júní 1999 varðandi spurningalista sem aðildarríkin nota við skýrslugerð skv. 2. mgr. 41. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 259/93, sem birt er í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi EB nr. 6, 30. janúar 2003, bls. 225-234.
9. Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2557/2001 frá 28. desember 2001 um breytingu á V. viðauka við reglugerð ráðsins (EBE) nr. 259/93 um umsjón og eftirlit með flutningi úrgangs innan, til og út úr Evrópubandalaginu, sem birt er í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi EB nr. 9, 21. febrúar 2004, bls. 507-545.
10. Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 94/774/EB frá 24. nóvember 1994 varðandi staðlaða fylgibréfið sem um getur í reglugerð ráðsins (EBE) nr. 259/93 um umsjón og eftirlit með flutningi úrgangs innan, til og út úr Evrópubandalaginu, sem birt er í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi EB nr. 27, 15. júní 2000, bls. 14-19.

2. gr.

Með mál sem kunna að rísa vegna brota á framantöldum reglugerðum og ákvörðunum skal farið samkvæmt 33. gr. laga nr. 7/1988 um hollustuhætti og mengunarvarnir nema þyngri refsing liggji við samkvæmt öðrum lögum.

3. gr.

Reglugerð þessi er birt samkvæmt heimild í 5. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, ásamt síðari breytingum og öðlast gildi við birtingu. Frá sama tíma fellur úr gildi b-liður 2. gr. reglugerðar nr. 377/1994, um umhverfismál á Evrópska efnahagssvæðinu.

Umhverfissráðuneytinu, 14. febrúar 2005.

F. h. r.

Magnús Jóhannesson.

Sigríður Auður Arnardóttir.